

REGLUGERÐ

um (9.) breytingu á reglugerð nr. 468/2013 um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kemur í stað núverandi ákvæðis til bráðabirgða, sem orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 3. gr. er heimilt að varpa hvelju af grásleppu fyrir borð á grásleppuvertíð 2024.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. ágúst 2024.

Matvælaráðuneytinu, 18. mars 2024.

Katrín Jakobsdóttir.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.